

## **Sigtryggur Björnsson, Varmahlíð**

*Miðvikudaginn 23. nóvember 2016 bað Arnór Gunnarsson mig að halda fyrirlestur um riðu í Skagafirði á fundi hjá Félagi sauðfjárbænda í Skagafirði, sem ég samþykkti að gera.*

### **Riðubæir í Skagafirði**

#### **Holtshreppur**

1. **Stóra–Holt**  
Fargað vegna riðu 1987 tekið aftur 1989.
2. **Helgustaðir**  
Fargað vegna riðu 1987 tekið aftur 1989.
3. **Molastaðir**  
Fargað vegna riðu 1987 tekið aftur 1990.
4. **Deplar**  
Fargað vegna riðu 1987 tekið aftur 1990. Riðan talin komin úr Ólafsfirði.
5. **Þrasastaðir**  
Fargað vegna riðu 1987 tekið aftur 1989.
6. **Hraun**  
Fargað vegna riðu 1988 tekið aftur 1990.
7. **Minna–Holt**  
Sauðfé fargað vegna riðu um 1980. Ekki tekið aftur. Riðan kom líklega með lambi, sem kom fyrir á Siglunesi og drapst haustið eftir úr riðu.
8. **Reyjarhóll**  
Sauðfé fargað vegna riðu um 1980. Ekki tekið aftur.
9. **Bjarnagil**  
Sauðfé fargað vegna riðu um 1980. Ekki tekið aftur. Trausti keypti hrút á Siglufirði, sem hann telur að hafi borðið riðuna til hans.

Heimildir: Bændur í Fljótum.

#### **Haganeshreppur**

1. **Akrar**  
Fargað vegna riðu 1988 tekið aftur 1990.
2. **Fyrir–Barð**  
Fargað vegna riðu 1988 tekið aftur 1990.

#### **Hofshreppur**

1. **Hólkot**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1986 og ekki tekið aftur.
2. **Nýlendi**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1985 og ekki tekið aftur.
3. **Brúarland**

- Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1981 en keypt 16 lömb árið 1984. Fjárbúskap hætt árið 1995.
4. **Eyrarland**  
Sauðfé fargað vegna riðu árið 1991 en keypt 112 lömb haustið 1993. Hætt með sauðfé árið 2000.
  5. **Skuggabjörg**  
Sauðfé fargað vegna riðu **líklega um 1970** og aftur haustið 1981 en keypt 32 lömb árið 1984.
  6. **Gröf**  
Sauðfé fargað 1975, tekið aftur 1980 en lógað 1981 vegna riðu. Fjárlaust síðan.
  7. **Miðhús**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1991 en keypt 32 lömb árið 1993.
  8. **Tumabrekka**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1982 og var fjárlaust til 1986 að keypt voru 16 lömb. Búrekstri að mest hætt árið 2001.
  9. **Brekkukot**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1991. Sigmundur ábúandi í Miðhúsum hefur verið með fé í Brekkukoti frá 2011.
  10. **Ósland**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1991 en tekið aftur 1993.
  11. **Melstaður**  
Hautið 1991 greindist riða í einni kind og var allt fé skorið. Kindur var aftur teknar árið 1993.
  12. **Marbæli**  
Sauðfé fargað vegna riðu árið 1991 og ekki tekið aftur.
  13. **Kross**  
Sauðfé fargað vegna riðu árið 1991 og tekið aftur 1993. til heimilisnota
  14. **Þúfur**  
Sauðfé fargað vegna riðu árið 1981 og ekki tekið aftur.
  15. **Hlíðarendi**  
Vorið 1990 var öllu fé fargað vegna riðu.
  16. **Miklibær**  
Sauðfé fargað vegna riður líklega 1982 og tekið aftur 1985 í ný fjárhús. Þegar þau urðu of lítil var farið að nota gömul hús og í þeim kom riðan upp aftur og fargað vegna hennar haustið 2000 og sauðfjárbúskap hætt.

#### *Fyrst fargað á Skuggabjörgum líklega 1970.*

#### Hólahreppur

1. **Efri-Ás**  
Sauðfé fargað haustið 1983 vegna riðu. Fjárlaust til 1986, að keypt voru 14 lömb.
2. **Neðri-Ás I**  
Sauðfé skorið haustið 1982 vegna riðu og hefur verið fjárlaust þar síðan.
3. **Neðri-Ás II**  
Sauðfé fargað haustið 1983 vegna riðu og 22 lömb keypt haustið 1984.
4. **Sleitustaðir**

Sauðfé skorið haustið 1981 vegna riðu. Fé var tekið aftur haustið 1984 og þá keypt 135 lömb af Ströndum. Birgir Haraldsson sagði að Óskar Gíslason á Sleitustöðum hefði fargað fé sínu vegna riðu haustið 1955 og keypt fé frá Skriðulandi, þegar Kolbeinn Kristinsson hætti búskap og losnað þá við riðuna.

#### *Fyrst fargað á Sleitistöðum haustið 1981.*

##### Viðvíkurhreppur

1. **Kýrholt**  
Sauðfé var skorið vegna riðu haustið 1983 og var fjárlaust til hausts 1987. Síðan hafa verið kindur til heimilisnota.
2. **Bakki**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1981 og var fjárlaust til hausts 1983 að keypt voru 308 lömb.
3. **Ásgeirsbrekka**  
Sauðfé var fargað vegna riðu haustið 1982 og síðan hefur verið nær fjárlaust á bænum.
4. **Hofstaðasel**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1982 og haustið 1985 keypt 103 lömb.
5. **Svaðastaðir**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1986 og ekki tekið aftur.

#### *Fyrst fargað á Bakka haustið 1981.*

##### Akrahreppur

1. **Dýrfinnustaðir**  
Fé skorið haustið 1976. Sú förgun var ákveðin af Sigurjóni bónda og bótalaus. Þetta var „samúðarniðurskurður“ við nágranna á Svaðastöðum eins og Sigurjón orðaði það sem taldi að riða hefði ekki verið í sínu fé. Fjárlaust var til hausts 1978 að keypt voru 26 lömb en fjárbúskap síðan hætt haustið 1986.
2. **Flatatunga**  
Riðusmit var talið hafa greinst í fjárstofninum 1987 og var sauðfénu lógað haustið 1990 eftir undangengin hæðstaréttardóm. Keypt voru 180 lömb haustið 1992 og hefur verið stunduð þar sauðfjárrækt síðan.
3. **Stóru–Akrar**  
Riða greindist um miðjan október 2020 hjá Gunnari bónda Sigurðssyni.

##### Lýtingsstaðahreppur

1. **Tunguháls.**  
Síðla vetrar árið 1996 var staðfest riðuveiki og fé öllu lógað og sauðfjárbúskap hætt.
2. **Árnesi**  
Hinn 10. desember 1986 var öllu fé fargað vegna riðuveiki., sem þá hafði greinst þar um þriggja ára skeið. Haustið 1988 voru keypt 39 lömb.
3. **Tunguhlíð**

- Árið 1967 var sauðfé skorið vegna garnaveiki og aftur haustið 1986 vegna riðuveiki á næstu bæjum en hún kom aldrei upp í Tunguhlíð.
4. **Lýtingsstaðir**  
Allt fullorðið fé var skorið vegna garnaveiki haustið 1968 en veturgamalt og tvævetlur voru bólusettar. Undir árslok 1986 var öllu fé fargað vegna riðuveiki.. Eftir það var fjárlaust til haustins 1992 að keypt voru tíu lömb frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði og öðrum tíu bætt við af Vestfjarðastofni.
  5. **Þorsteinsstaðir**  
Hautið 1987 var fé fargað vegna riðu og var fjárlaust til hausts 1990 að keypt voru 55 lömb.
  6. **Stórhóll**  
Hautið 1987 öllu fé fargað vegna riðu og var fjárlaust til hausts 1990 að keypt voru 24 lömb.
  7. **Brúnastaðir**  
Hér var sauðfé skorið vegna riðu á næstu bæjum haustið 1988 en greindist ekki á Brúnastöðum. Fjárlaust var frá 1998 til 1991.
  8. **Hafgrímsstaðir**  
Árið 1987 var sauðfé fargað vegna riðu og hefur verið fjárlaust síðan.
  9. **Vindheimar I .**  
Fé öllu fargað vegna riðuveiki haustið 1991 og fjárlaust til haustins 1992 að keypt voru 58 lömb.
  10. **Krithóll I**  
Hautið 1986 var öllu fé fargað vegna riðu og greiðslumarkið selt. Nokkur lömb voru keypt haustið 1991.
  11. **Krithóll II**  
Hautið 1986 var öllu fé fargað vegna riðu. Fjárlaust var til 1990 að keypt voru nokkur lömb. Hautið 2000 var hætt með sauðfé.

#### *Fyrst fargað á Krithóli I, Lýtingsstöðum, Árnesi og Tunguhlíð árið 1986.*

#### **Seyluhreppur**

1. **Álftagerði**  
Riða greindist árið 1988 og var fénu lógað eftir áramóti 1989. Hautið 1990 voru keypt 158 lömb. Aftur var skorið niður vegna riðu árið 2008 og fé tekið aftur 2010. Í þriðja sinn var skorið 1.febrúar árið 2018.
2. **Víðidalur**  
Sauðfé skorið vegna riðu haustið 1987 og fé tekið aftur árið 1990.
3. **Víðiholt**  
Fé fargað vegna riðu haustið 1980 og var fjárlaust til 1993 að keypt voru 25 lömb. Aftur greindist riða í mars 2015.
4. **Víðimýri**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1987 en keypt 53 lömb haustið 1989.
5. **Víðimelur**  
Fé fargað vegna riðu haustið 1988 og ekki tekið aftur.
6. **Reykajrhóll**  
Sauðfé fargað 1986 vegna riðu og ekki tekið aftur.

7. **Brekka**  
Sauðfé, 295 kindum, var fargað vegna riðu haustið 1975 og sama haust keyptar 243 kindur. Aftur var skorið vegna riðu haustið 1988 og ekki tekið aftur fé.
8. **Valagerði**  
Fé skorið vegna riðu árið 2015.
9. **Ípishóll**  
Árið 1978 var kindunum fækkað, bæði vegna lakari heyöflunar um sumarið, en einnig var þá farin að greinast riða í fénu og voru skornir þeir fjárstofnar og ættir sem riða hafði fundist í. **Eftir það varð riðu aldrei vart.** Sauðfjárbúskap var hætt árið 1988.
10. **Húsey**  
Fé fargað vegna riðu 1984 og keypt 154 lömb haustið 1986.
11. **Vallanes**  
Skorið vegna riðu vorið 1989 og keypt 128 lömb haustið 1991 að mestu úr Þistilfirði en einnig kollótt fé að vestan. Riða kom aftur upp 2007 og var þá allt fé skorið og keypt lömb árið 2009. Í þriðja sinn var skorið árið 2017.
12. **Vellir**  
Haustið 1986 var fé fargað vegna riðu og var fjárlaust til 1990 að keypt voru 51 lamb.
13. **Sólvellir**  
Fé skorið vegna riðu 1985 og sauðfjárbúskap hætt.
14. **Bakki**  
Fé fargað 1983 vegna riðu og keypt lömb árið 1985.
15. **Holtskot í Seyluhreppi.**  
Skorið vegna riðu 1986 og sauðfé ekki tekið aftur.
16. **Grófargil**  
Fé skorið vegna riðu á næsta bæ (Brautarholti) haustið 1987, þar sem mikill samgangur hafði verið milli hjarða (ákvörðun Sigurðar bóndans sjálfs), þótt engin kind væri með riðueinkenni á Grófargili; fjárlaust til 1992 að keypt voru 11 lömb. Aftur var skorið vegna riðu í byrjun 2020.
17. **Brautarholt**  
Fé fargað vegna riðu haustið 1987 og keypt 60 lömb haustið 1990. Aftur var skorið vegna riðu haustið 2016 og ekki tekið fé aftur.
18. **Syðra–Skörðugil**  
Riða kom upp í apríl 1991 og var öllu fé fargað um vorið. Keypt voru lömb haustið 1992.
19. **Halldórsstaðir**  
Fé fargað vegna riðu haustið 1986 og fjárlaust til 1990.
20. **Syðri– Húsabakki**  
Fé fargað árið 1983 eftir að riða var staðfest í einni kind og sauðfé ekki tekið aftur.

***Fyrst fargað í Brekku haustið 1975.***

**Staðarhreppur**

1. **Dæli**

- Riða kom upp árið 2009.
2. **Auðnir**  
Riða staðfest haustið 1988 og öllu fé fargað og keypt 167 lömb haustið 1990. Haustið 1993 var aftur staðfest riða og öllu lógað og keypt lömb frá fjórum bæjum í Kirkjubólshreppi á Ströndum haustið 1995. Sauðfé var flutt frá Bessastöðum að Auðnum árið 1982.
  3. **Árgerði**  
Haustið 1986 var skorið vegna riðu og fjárlaust til 1989 að keypt voru 35 lömb í Kirkjubólshreppi. Aftur var fé fargað árið 2004 vegna riðu.
  4. **Fosshóll**  
Tvívegis skorið vegna riðu 1988 og 1993 og sauðfjárbúskap hætt.
  5. **Varmaland**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1978 og fé ekki tekið aftur fyrr en nýr ábúandi tók nokkrar kindur.
  6. **Stóra-Gröf**  
Riða greindist haustið 2016 og öllu fé fargað.
  7. **Sólheimar**  
**Riða greindist þar í desember 2006 og fé fargað í mars 2007 og ekki tekið aftur. Getgátur um að aligæsir frá Árgerði hafið borið smitið í ærnar í Sólheimum. Heimild: Valdimar Sigmarsson 26. mars 2021.**

*Fyrst fargað á Varmalandi haustið 1978.*

- Skarðshreppur
1. **Lyngholt**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1989 og ekki tekið aftur.
  2. **Kimbastaðir**  
Sauðfé fargað vegna riðu haustið 1989 og ekki tekið aftur.

*Fyrst fargað á þessum bæjum 1989.*

- Skefilsstaðahreppur**
1. **Gauksstaðir**  
Sauðfé fargað vegan riðu haustið 1995 en keypt um 300 lömb haustið 1997.
  2. **Hóll**  
Sauðfé fargað haustið 1995 vegna mikils samgangs við Gauksstaðafé. Keypt voru 30 lömb haustið 1997.
  3. **Keta**  
Sauðfé fargað vegan riðu haustið 1990 og keypt 205 lömb haustið 1992.
  4. **Syðra-Mallalnd**  
Sauðfé fargað vegan riðu haustið 1993 og keypt 300 lömb haustið 1995.
  5. **Neðara-Nes**  
Gripahús voru rifin 1993 til sótthreinsunar eftir förgun á fénu haustið 1990 vegna mikils samgangs við Ketufé.

*Fyrst fargað í Ketu árið 1990.*

- *Samkvæmt þessu yfirliti hefur verið fargað fé á 82 bæjum vegna riðu síðan 1975. Eftir lauslega athugun, sem gerð var að mestu eftir minni, hafa líklega verið um 270 bændur með sauðfé á þessum árum í Skagafirði.*  
*Tvisvar hefur verið lógað vegna riðu á ellefu bæjum:*  
*Skuggabjörgum, Gröf, Miklabæ, Álftagerði, Víðiholti, Brekku, Vallanesi, Brautarholti, Auðnum, Árgerði og Fosshóli.*

*Sigtryggur Jón Björnsson.*